

Góðan dag

Reykjavík 9.5.19

Freyr Þórsson heiti ég og er mikill útivistar og jeppaáhugamaður. Mig langar til að koma nokkrum athugasemdum við neðangreint frumvarp á framfæri. Athugasemdirnar fékk ég að láni frá Snorra Ingimarssyni, gert með hans leyfi. Hagsmunir mínir og margra annarra í svipaðri stöðu falla vel að hans málaflutningi.

149. löggjafarþing 2018–2019.

Þingskjal 1238 — 778. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða.

1. Á heildina litið tel ég heppilegra að sameina fagvinnu innan þjóðgarða í einhverri af núverandi stofnunum til að gera slíkar einingar sterkari heldur en setja saman nýja stofnun sem verður með mun flóknari stjórnsýslu heldur en Vatnajökulspjóðgarður. Spörin þaðan hræða og þó að margt hafi lagast þar eftir umrót síðustu ára er enn langt í land með að stjórnkerfi Vatnajökulspjóðgöðars sé sú góða fyrirmynd sem lagt er upp með í þessu frumvarpi.
2. Mikilvægt er að leiðrétta þá mismunun sem felst í að fulltrúi útivistarfólks sé einungis með áheyrnaraðild að stjórn. Eins og kunnugt er hefur þetta fyrirkomulag valdið Snorra Ingimarssyni sem áheyrnarfulltrúa talsverðum vandræðum undanfarin ár og þetta frumvarp fyrirbyggir ekki að slíkt endurtaki sig.
3. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stækka umdæmisráðin og minnka þar með vægi útivistarfólks. Í Vatnajökulspjóðgarði fer útivistarfólk með eitt atkvæði af 6 en fyrirhugað er að stórauka vægi sveitarfélaga og bænda þannig að vægi útivistarfólks minnkar í einn af 10. Þetta tel ég ekki vera ásættanlegt og bendi á að stór hluti Íslendinga sem njóta hálandisins á eigin vegum er ekki úr nærsamfélagi þjóðgarðanna heldur af höfuðborgarsvæðinu og öðrum svæðum sem ekki liggja að þjóðgördunum.
4. Fulltrúar félagasamtaka í svæðisráðum Vatnajökulspjóðgarðs fá ekki laun fyrir sína vinnu. Hvorki frá þjóðgarðinum né félagastamtökunum sem tilnefna þá. Þessu starfi, sem er oft tímafrekt, fylgir mikil fjarvera frá annari vinnu. Lauslega áætlað er það um eitt dagsverk á mánuði. Mikilvægt er að tryggja þessu fólki einhver laun fyrir þessar fórnir og það ætti að koma fram í lögunum. Útivistarfélög hafa ekki bolmagn til þess. Bendi á að fulltrúar svetiarfélga eru til dæmis væntanlega á launum frá sínu baklandi.
5. Í 30. Gr er þetta ákvæði „Afla skal leyfis þjóðgarðsvarðar til lendingar loftfars innan þjóðgarðs.“ Þetta ákvæði tlejum við vera allt of altækt fuyrir þjóðgöðarða sem innan skamms gætu náð yfir lalt miðhálandið og ríflega helming landsins. Þarna teljum við einnig verið að færa þjóðgarðsvörðum allt of mikið vald miðað við tilefnið, og kalla yfir þá mikla óþarfa vinnu sem er dýr fyrir samfélagið allt..

Kveðja, Freyr